

# Minnisblað

Til: Bæjarstjórn  
Frá: Edda María Hagalín, fjármálastjóri  
Dags. 27. mars 2026  
Mnr. 2025120020



ÍSAFJARÐARBÆR

## Minnisblað - Viðauki 06

Vegna mikilla frávika á launaáætlun á nokkrum deildum og vegna breyttra rekstrarforsenda á leikskólanum Tanga var farið í að endurskoða launaáætlun Ísafjarðarbæjar.

Viðbótarlaunakostnaður við að halda úti samfelldri þjónustu á Tanga frá janúar og út júlí er samtals 23.123.976,- Við lokun Tanga í júlí lækkar launakostnaður hins vegar um 45,6 m.kr. á Tanga. Nettó breyting yfir árið er því lækkun launakostnaðar í heild vegna Tanga um 22,5 m.kr.

Jafnframt er aukinn kostnaður á Eyrarskjól vegna barna sem færð voru til baka af Tanga í byrjun árs og fylgdi aukinn stuðningur með, og nemur aukinn kostnaður vegna janúar – júlí um 16,6 m.kr. Fjölgað verður börnum á Eyrarskjóli og Sólborg í haust (í stað þess að þau færast á Tanga) og nemur viðbótarlaunakostnaður á Sólborg vegna þessa 17,9 m.kr., og á Eyrarskjól um 22,4 m.kr. Aukið er jafnframt við tilfallandi vörukaup vegna breytinganna eða um 1,2 m.kr. á hvorn skóla.

Viðbótarkostnaður er því á þessu ári vegna reksturs þessara þriggja leikskóla eða aukning um 36,7 m.kr.

Til að mæta þessum aukna kostnaði var gerð lagfæring á launaáætlun annarra deilda.

- Hafnarsjóður: Leiðrétting á launaáætlun vegna frítökuréttar, fæðispeninga og áætluðum stöðugildum breytt í yfirvinnu þar sem erfiðlega gengur að ráða viðbótar hafnsögumann. Kostnaði mætt með aukningu á tekjuáætlun þar sem fleiri skip hafa boðað komu en áætlað var. Aukning á launakostnaði 46 m.kr. og aukning á tekjum 46 m.kr.
- Grænigarður: Afleysing leikskólastjóra og orlofsuppgjör vanáætlað, aukning launakostnaðar um 7,8 m.kr
- Grunnskólinn á Suðureyri: Villa í launaáætlun leiðrétt, lækkun á launakostnaði um 9,1 m.kr.
- Skólaskrifstofa: Kennsluráðgjafi hefur störf síðar en áætlað var, lækkun á launakostnaði um 7 m.kr
- Skíðasvæði: Lokun svæðis janúar og febrúar, lækkun á launaáætlun um 8,9
- Fjallskil: Hafið greiðslu vegna funda í árslok 2025, hækkun launakostnaðar um 0,9 m.kr. vegna ógreiddra launa sl. 4 ár.
- Þjónustumiðstöð: Vanáætluð lausnarlaun og föst yfirvinna, fæðispeninga vantaði, aukning á launakostnaði 10,4 m.kr.
- Ófyrirséð laun pottur lækkar um mismun. Launaáætlun nettóbreyting er 0 kr.

Að auki er fjárfestingaáætlun aukin um 30 m.kr til að kaupa færanleg kennslurými sem sett verða við hvorn skólann, Sólborg og Eyrarskjól.

Handbært fé er lækkað á móti aukningu á fjárfestingaráætlun.